

AUGLÝSING

um skipulagsbreytingar samkvæmt lögum nr. 5/1968.

Í 7. gr. laga nr. 5 frá 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, segir svo:

- „1. Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við þetta.
2. Fjármálaeftirlit skóla skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast ákvæði IV. kafla laga nr. 49/1967, um skólakostnað, í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er brjóta kunna í bága við þetta.
3. Fræðslumyndasafn ríkisins skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast lög nr. 54/1961 í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.
4. Íþróttafulltrúi skal vera starfsmaður í menntamálaráðuneytinu og breytast íþróttalög, nr. 49/1956, til samræmis við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.
5. 1. mgr. 28. gr. V. kafla laga nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, orðist svo: Menntamálaráðherra skipar bókafulltrúa ríkisins og skal hann vera starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

Skipulagsbreytingar samkvæmt grein þessari skulu koma til framkvæmda þegar menntamálaráðherra ákveður“.

Með skírskotun til framanritaðs hefur ráðuneytið ákveðið, að framangreindar skipulagsbreytingar aðrar en þær, sem greinir í 3. tölulið, skuli nú koma til framkvæmda. Ráðuneytið hefur þegar tekið við verkefnum fjármálaeftirlits skóla og fræðslumálaskrifstofan verður nú ein af deildum ráðuneytisins (fræðslumáladeild). Íþróttafulltrúi og bókafulltrúi verða starfsmenn í ráðuneytinu.

Í menntamálaráðuneytinu, 7. maí 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

verkefni, skipulag og starfsreglur.

Ákvæði þau, sem menntamálaráðuneytið starfar eftir, eru í lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerð samkvæmt þeim, nr. 96 frá 31. desember 1969. Lögin og reglugerðin tóku gildi 1. janúar 1970.

Samkvæmt reglugerðinni fer menntamálaráðuneytið með málefni, er varða:

1. Kennslu og skóla, þ. á m. Háskóla Íslands, menntaskóla, gagnfræðastigsskóla og barnaskóla. Enn fremur kennaraskóla, tækniskóla, sjómannaskóla, vélskóla, matsveina- og veitingaþjónaskóla, iðnfræðsluskóla, húsmæðraskóla, verzlunar-skóla, tónlistarskóla, myndlistarskóla, leiklistar- og listdansskóla, heyrnleys-